



Leiðbeiningar um tilkynningar á tæknilegum reglum á grundvelli EES-samningsins

1. Tilkynningarskylda stjórnvalda

Stjórnvöld skulu tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um fyrirhugaðar tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu þegar drögin að reglunum eru efnislega fullbúin skv. [lögum nr. 57/2000 um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu](#) og [reglugerð nr. 440/2024 um tilkynningar á tæknilegum reglum um vörur fjarþjónustu](#), sbr. tilskipun (ESB) nr. 2015/1535.


2. Markmið

Markmiðið er að koma í veg fyrir að tæknilegar viðskiptahindranir myndist á innri markaðnum vegna ólíkra krafna eða viðmiðana í landsrétti einstakra ríkja. Auk þess er takmarkið að auka gegnsæi. Með því að skapa gegnsæi með tilkynningunum geta ríki brugðist við ef þau sjá að önnur ríki hafa í hyggju að setja reglur sem hafa í för með sér viðskiptahindranir.

Einungis má heimila viðskiptahindranir, sem stafa af tæknilegum reglum, í tengslum við vörur ef þær eru nauðsynlegar til að uppfylla grunnkröfur og þjóna hagsmunum almennings sem þær skapa megintryggingu fyrir.

3. Skilgreining á tæknilegum reglum

Gildissvið tilskipunar (ESB) nr. 2015/1535 er víðtækt og nær m.a. til laga, reglugerða og leiðbeininga, samninga sem opinber stjórnvöld eru aðilar að og tækniforskrifta sem tengjast ráðstöfunum í skatta- eða fjármálum sem hafa



áhrif á neyslu vöru eða þjónustu með því að hvetja til samræmis við tækniforskriftir.

Tæknilegar reglur eru:

- Lög, reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem fela í sér eða vísa beint eða óbeint til tæknilýsinga, tæknilegra krafna eða annarra krafna og eru íþyngjandi við markaðssetningu eða notkun vöru eða banna framleiðslu, innflutning, markaðssetningu eða notkun vöru.
- Til tæknilegra reglna í þessum skilningi teljast einnig frjálsir samningar sem stjórnvöld eru aðilar að og kveða á um að tæknilegum kröfum sé hlítt.
- Þá falla undir skilgreininguna tæknilegar kröfur eða aðrar kröfur sem tengjast ráðstöfunum í skatta- eða peningamálum og hafa áhrif á neyslu vara með því að hvatt er til að tilteknum tæknilegum kröfum sé hlítt.

Til tæknilegra reglna teljast ekki tæknilegar kröfur eða aðrar kröfur sem settar eru við opinber útboð eða við önnur innkaup hins opinbera eða tæknilegar reglur sem tengjast almannatryggingakerfinu.

Tæknilegar kröfur eru þær kröfur sem skilgreina eiginleika sem vara skal uppfylla, til dæmis varðandi gæði, afköst, öryggi eða stærð, að meðtöldum kröfum um vörumerki, íðorð, tákni, prófun og prófunaraðferðir, umbúðir, merkingu og möguleika á að meta samhæfi. Til tæknilegra krafna teljast einnig kröfur varðandi framleiðsluferli og framleiðsluaðferðir.

Undir **aðrar kröfur** falla þær kröfur sem ekki eru tæknilegar kröfur en eru gerðar til vöru og hafa áhrif á feril hennar eftir að hún hefur verið sett á markað, svo sem skilyrði varðandi notkun, endurvinnslu, endurnýtingu eða vörslu, ef þessar kröfur geta haft afgerandi áhrif á samsetningu, eðli eða markaðssetningu vörunnar.

Tæknilegar reglur um fjarþjónustu eru tæknilegar reglur um uppsetningu og starfrækslu fjarþjónustu, einkum ákvæði um þann sem veitir þjónustuna, þjónustuna sjálfa og viðtakanda hennar og eru íþyngjandi við markaðssetningu, uppsetningu eða notkun slíkrar þjónustu.

Fjarþjónusta er þjónusta sem innt er af hendi gegn þóknun og veitt:

- a) úr fjarlægð, þ.e. án þess að aðilar séu staddir á sama stað á sama tíma,
- b) rafrænt, þ.e. þjónustan er send og móttækin með notkun rafbúnaðar sem ætlaður er til vinnslu og geymslu gagna og er algerlega send, flutt og

móttækin um þráð eða þráðlaust, um ljósleiðara eða með öðrum rafsegulleiðum,

- c) að beiðni viðtakandans, þ.e. þjónustan er veitt þannig að gögn eru send að beiðni viðtakandans.

Ath. að samkvæmt tilskipuninni þarf reglunni að vera beint að fjarþjónustunni sem í hlut á og dugar t.d. ekki að reglan hafi einungis áhrif á slíka þjónustu óbeint eða í einstaka tilvikum.

Sjá upplýsingar á vefsíðu Neytendastofu:

<https://www.neytendastofa.is/fyrirtaeki/taeknilegar-tilkynningar/>

4. Undantekningar

Tilskipun (ESB) nr. 2015/1535 fjallar ekki um innleiðingu á tæknilegum reglum í afleiddri löggjöf EES-réttar. Viðfangsefni hennar eru tæknilegar reglur sem aðildarríki eiga sjálf frumkvæði að, þ.e. ekki þarf að tilkynna tæknilegar reglur ef þær eru hluti af reglum innri markaðar EES-svæðisins.

Ekki þarf að tilkynna um fyrirhugaða setningu tæknilegrar reglu sem:

- a) eingöngu framkvæmir gerðir sem vísað er til í ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar,
- b) skuldbindingar vegna alþjóðlegra samninga þar sem stefnt er að því að samþykkja almennar tæknilegar reglugerðir á vettvangi EES-samningsins,
- c) færir sér í nyt öryggisákvæði í bindandi gerðum EES-samningsins,
- d) byggist á Rapex-tilkynningarkerfinu um hættulega vöru á markaði í samræmi við ákvæði laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu,
- e) sett er í þeim tilgangi einum að fullnægja dómum sem EFTA-dómstóllinn fellir og dómum sem nefndir eru í 6. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og 3. gr. samningsins um Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstóllinn,
- f) sett er í þeim tilgangi einum að breyta tæknilegri reglu í samræmi við athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA með það í huga að ryðja viðskiptahindrunum úr vegi.

5. Framkvæmd tilkynninga

Beiðni er send til Neytendastofu (postur@neytendastofa.is) um að koma tilkynningum um drög að tæknilegum reglum til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Tilkynna skal drög að tæknilegum reglum **áður en þær taka gildi**.

EFTA-ríkjum innan EES er skylt að tilkynna ESA um allar tæknilegar reglur sem þau hyggjast setja. ESA, í samvinnu við Neytendastofu, hleður tilkynningunum upp í TRIS-gagnagrunn ESB til að leyfa EES-ríkjunum að fá aðgang að þeim.

ESA, framkvæmdastjórn ESB og öll aðildarríki EES geta gert athugasemdir við tilkynningarnar. Að auki geta ESA og hin EFTA-ríkin innan EES (Noregur og Liechtenstein) sent svokallað ítarlegt álit. Sjá 8. gr. [reglugerðar nr. 440/2024](#) varðandi viðbrögð við athugasemdum og ítarlegum álitum við umræddar fyrirhugaðar reglur.

Aðrir hagsmunaaðilar geta nálgast textadrögin í TRIS-gagnagrunninum, en hafa ekki heimild til koma fram með athugasemdir samkvæmt þeirri málsmeðferð sem tilskipun (ESB) nr. 2015/1535 kveður á um.

ESA birtir tilkynningarnar jafnframt á vefsíðu sinni.

6. Fyrirkomulag á tilkynningu til ESA

1. Útfyllt tilkynningarform á ensku: [Tilkynningarform \(PDF - neytendastofa.is\)](#).
2. Drög að reglunum á íslensku í Word (ekki í PDF).
3. Drög að reglunum á einu opinberu ESB tungumáli í Word (ekki í PDF).
4. Önnur gögn sem nauðsynleg eru til að meta inntak tilkynningarinnar, svo sem mat á áhrifum eða texti grunnreglnanna ef t.d. er um að ræða breytingu á tilteknum reglum.
5. Senda tilkynninguna ásamt fylgigögnum til Neytendastofu (postur@neytendastofa.is) sem kemur tilkynningunni til ESA.

7. Tímafrestir

Stjórnvöldum ber að fresta formlegri setningu tæknilegra reglna um vörur um þrjá mánuði frá þeim degi sem tilkynnt var um fyrirhugaða setningu reglnanna til ESA en um fjóra mánuði þegar um er að ræða tæknilegar reglur um fjarþjónustu.

Sjá 8. gr. [reglugerðar nr. 440/2024](#) varðandi viðbrögð við athugasemdum og ítarlegum álitum við umræddar fyrirhugaðar reglur.

Nauðsynlegt og mikilvægt er að tilkynna til ESA í gegnum Neytendastofu (postur@neytendastofa.is) þegar reglurnar hafa tekið gildi og senda endanlegan texta þeirra með.

8. Algengar spurningar

a) Er til staðlaður texti til að hafa í lögum/reglugerð um að þau/hún hafi verið tilkynnt?

Tillaga að texta:

„Drög að lögum/reglum hafa verið tilkynnt í samræmi við ákvæði tilskipunar (ESB) 2015/1535 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra reglna. (This law/regulation has been notified in accordance with the provisions of Directive (EU) 2015/1535 laying down a procedure for the provision of information in the field of technical standards and regulations).“

b) Á ofangreindur texti að vera í drögnum eins og þegar þau eru tilkynnt eða er nóg að bæta honum inn þegar reglurnar eru birtar?

Það segir í 9. gr. tilskipunarinnar að þegar tæknileg regla er samþykkt (e. adopted) eða þegar hún er birt opinberlega skuli þessi tilvísun fylgja, þannig að tilskipunin gerir ekki kröfu um að textinn sé í drögnum þegar þau eru tilkynnt.